



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Viðbótarfjármagn vegna samnings um rekstur Konukots*

Lagt er til að samningsupphæð við Rótina um rekstur neyðarskýlis fyrir húsnæðislausar konur (Konukot) verði aukin um 29 m.kr. frá núgildandi samningi vegna breytinga á starfseminni og nýjum verkefnum. Hætt verður að reiða sig á framlag sjálfbóðaliða og breytingar gerðar á vaktaáætlunum því fylgjandi. Bætt verður við stöðu teymisstýru og breytingar gerðar á launaröðun forstöðukonu vegna þeirra þjónustu sem starfsmenn munu veita þeim konum sem dvelja í smáhúsum í nágrenni Konukots. Áætlaður kostnaður yrði 122,5 m.kr. á árinu 2022 eða um 2,5 m.kr. á mánuði til 1. október 2023. Upphafleg samningsupphæð var 93,6 m.kr. á ári.

Óskað er eftir að breytingin taki gildi frá og með 1. desember 2021. Aukinn kostnaður á árinu 2021 yrði 2,5 m.kr. Óbreytt húsaleiga nemur 59.273 kr. á mánuði og tekur breytingum miðað við vísitölu neysluverðs.

Greinargerð:

Á fundi þann 16. september 2020 samþykkti velferðarráð að gengið yrði til samninga við Rótina, félags kvenna um áföll og vímuegjafa, um rekstur neyðarskýlis fyrir konur (Konukot) að Eskihlíð 101. Áætlaður kostnaður var 93,6 mkr. á ári og gildir samningurinn til 1. október 2023.

Eftirfarandi eru breytingar sem taldar eru mikilvægar að gera á núverandi samningi:

1. Störf sjálfbóðaliða verði lögð niður og ráðið í fastar stöður frá 1. október 2021. Við upphaf samningsins voru 2,46 stöðugildi áætluð sem framlag sjálfbóðaliða.
2. Bætt verði við stöðu teymisstýru sem verður í 50% starfi á vöktum og í 50% starfi í fagvinnu. Samhliða verði lagt niður 50% starf umsjónarkonu og 35% starf sem falist hefur í utanumhaldi með sjálfbóðaliðum. Aukinn kostnaður sem fellst í breytingunum nemur 2 m.kr. á ári. Með þessum breytingum verður byggt undir þjónustu við þær konur sem dvelja í smáhúsum í nágrenni Konukots.
3. Laun forstöðukonu verði hækkuð til samræmis við laun forstöðukonu í Gistiskýlinu Grandargarði. Aukinn kostnaður nemur 1,6 m.kr. á ári.

4. Með tilkomu betri vinnutíma eru stöðugildin áætluð í dag 2,73. Mjög erfitt hefur verið að manna vaktir með sjálfbóðaliðum sem leitt hefur til hærri yfirvinnukostnaðar en áætlað var. Efling stéttarfélag hefur auk þess gert athugasemdir við að sjálfbóðaliðar sinni verkefnum í Konukoti sem eiga að teljast til launaðra starfa. Aukinn kostnaður vegna stöðugilda sjálfbóðaliða og 1,22 stg. vegna sumarafleysinga nemur 25,4 m.kr. á ári.

Við upphaf samningstímans voru alls 2,46 stg. áætluð í störf sjálfbóðaliða en heildarstöðugildin voru 7,23. Með breytingum verða heildarstöðugildi 9,71.

Aukinn kostnaður vegna niðurlagningar sjálfbóðaliða og breytinga á vaktaáætlun þar sem 15 mínútna stöðufundum er bætt við er um 25,4 m.kr. á ári. Aukinn kostnaður vegna ráðningar teymisstýru og hækkunar á launum forstöðukonu er um 3,5 m.kr. á ári. Alls eykst kostnaður því um 29 m.kr. á ári.

Verði tillagan samþykkt hækkar samningsfjárhæðin í 122,5 mkr. á ári. Gerður verði viðauki við samninginn þar sem Rótin mun veita þeim konum sem hefja búsetu í tveimur smáhúsum í nágrenni neyðarskýlisins sambærilegan stuðning og veittur er þeim konum sem gista í Konukoti. Jafnframt munu starfskonur hafa eftirlit og yfirsýn yfir aðstæður í kringum smáhúsin og vera tengiliður við lögreglu, sjúkraflutningamenn og aðra gerist þess þörf.

Fylgiskjöl:

-Samningur við Rótina um rekstur Konukots 2020 – 2023

-Drög að viðauka við samninginn við Rótina.